

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 15. janúar 2013

Efni: Umsögn FA um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir og lögum um verslun með áfengi og tóbak (reyklaust tóbak, ungt fólk o.fl.).

I. Almennt

Vísað er til erindis velferðarnefndar dagsett 21. desember 2012 þar sem óskað er umsagnar Félags atvinnurekenda um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir og lögum um verslun með áfengi og tóbak (reyklaust tóbak, ungt fólk o.fl.), 499. mál.

Félag atvinnurekenda telur að umrætt frumvarp sé þarft en telur þó að betur megi fara og vill því leggja fram ábendingar sínar um einstaka þætti frumvarpsins.

II. Athugasemdir við einstaka liði

Athugasemdir Félags atvinnurekenda varðandi einstaka liði frumvarpsins eru eftirfarandi:

a) Reglugerðaheimild of víðtæk

Eins og alkunna er þá grundvallast íslensk stjórnskipan m.a. á almennri lögmætisreglu, sem leidd er m.a. af 2. gr. Stjórnarskrár Lýðsveldisins Íslands nr. 33/1944. Af lögmætisreglunni leiðir að löggjafarvaldið hefur heimild til að framselja framkvæmdarvaldinu löggjafarvald en sú heimild takmarkast m.a. af ákvæðum stjórnarskrárinnar þ. á m. 75. gr. sem verndar atvinnufrelsi.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að ráðherra verði framselt vald til að setja ákvæði um m.a. leyfilega kornastærð, hverjir eigi að annast mælingar og hvernig. Unnt er að krefja innflytjendur um greiðslu fyrir viðkomandi mælingar og jafnframt hafna innflutningi á ákveðnu tóbaki sé ekki unnt að framkvæma viðkomandi mælingar. Er því án efa um inngríp að ræða í atvinnufrelsi þeirra fyrirtækja sem stunda innflutning á tóbaksvörum sem falla undir viðkomandi frumvarp.

Í ljósi ofangreinds þá telur Félag atvinnurekenda að reglugerðaheimild sú sem kveðið er á um í 2. gr. frumvarpsins sé of víðtæk. Einnig gefur reglugerðaheimildin ráðherra eða einstakri stofnun gríðarlegt vald sem fer í bága við 75. gr. stjórnarskrárinnar. Löggjafinn ber að taka mun afdrifaríkari afstöðu til þess hvernig mælingar eigi að fara fram og hver skuli annast þær. Ótækt er að framselja slíkt ákvörðunarvald til ráðherra. Jafnframt ber leyfileg kornastærð að vera skilgreind í lögnum ellegar hefur ráðherra sjálfvald um skilgreiningu á því hvaða tóbak teljist heimilt neyslu og innflutnings til Íslands. Slíkt ber að vera á hendi löggjafans.

b) Óljóst um markhóp

Félag atvinnurekenda fagnar því að með lögnum sé verið að reyna að draga úr neyslu tóbaksvara hjá æsku landsins. FA vill hins vegar benda á að skilgreining á „ungu fólki“ sé óljós og getur skapað ruglingi hjá innflytjendum og framleiðendum. Samkvæmt frumvarpi má ætla að ungt fólk nái til einstaklinga allt að 34 ára aldri. Má ætla að ótækt sé að miða við svo breiðan markhóp og komið út fyrir það markmið sem löggin gera ráð fyrir. Réttast væri að tilgreina ákveðin aldurshóp samkvæmt lögum t.d. að banna vörur sem sérstaklega er beint að börnum, þ.e. einstaklingum undir 18 ára aldri.

c) Orðalag óskýrt

Í 2. gr. b lið er kveðið á að tóbaksvörur sem sérstaklega er beint að ungu fólki með tilliti til bragð- og lyktarefna, útlits, stærðar og lögunar umbúða, heitis vöru og markaðssetningar og framsetningar hennar að öðru leyti sé bannað að flytja inn, framleiða og selja. FA telur þetta orðalag of óskýrt og vill fá skýrari ramma um það sem átt er við, sérstaklega með hliðsjón af þeim breiða markhóp sem frumvarpið á hugsanlega að vernda. Mun umrætt orðalag því gera fyrirtækjum mjög erfitt um vik við innflutning á tóbaksvörum og gefur jafnframt stjórnvöldum nánast óheft svigrúm til mats. Jafnframt skal á það bent að ef þessi liður verður samþykktur óbreyttur munu vörur sem nú þegar eru á markaði geta verið túlkaðar sem ólöglegar.

Félag atvinnurekenda leggur áherslu á mikilvægi þess að settur sé skýr rammi um þau efni sem frumvarp þetta lítur að. Hinsvegar er ljóst að með óbreyttu orðalagi og fyrirkomulagi eru yfirgnæfandi líkur til þess að frumvarpið veiti stjórnvöldum of mikið vald og jafnframt gefur innflytjendum og framleiðendum ekki nægilega skýr viðmið til athafna. Við það er ekki hægt að una.

III. Annað

Að lokum áskilur Félag atvinnurekenda sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllst,



Almar Guðmundsson
Framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda